

**FRÉTTIR***MBL***Pingflokkur Kvennalista****Varamenn í hlutfalls-lega færri tilvikum**

**PINGFLOKKUR** Kvennalistans hefur sent frá sér fréttatilkynningu „að gefnu tilefni“, þar sem tekið er fram eftirfarandi:

„Það hefur frá upphafi verið stefna Kvennalistans að gefa sem flestum varþingkonomum sínum tækifæri til að láta til sín taka í sölum Alþingis. Í 12 ára þingsögu Kvennalistans hefur raunin þó orðið sú að við höfum kallað varamenn inn í hlutfallslega færri tilvikum en nokkur annar þingflokkur. Sú samþykkt sem gerð var á nýafstöðnum

landsfundi er einungis staðfesting á löngu mótaðri stefnu, enda segir þar að stefnt skuli að því að kalla inn varamenn eftir því sem kostur gefst.

Pingmenn eiga rétt á að kalla inn varamenn vegna veikinda eða fjarvista í opinberum erindum. Þingmaður hefur einnig rétt á að kalla inn varamenn af hann er fjarverandi í einkaerindum, en þá þiggur hann ekki laun fyrir þann tíma sem varþingmaður hans situr á þingi.

Í þingskópum Alþingis segir í 53.

grein: „Þingmaður nýtur ekki þingfararkaups meðan varamaður hans situr á þingi nema fjarvist sé vegna veikinda eða þingmaður sé fjarverandi í opinberum erindum.“

Þau tilvik koma upp þar sem þingmenn þurfa eða kjósa að taka sér leyfi frá þingstörfum til að sinna öðrum störfum, t.d. í þágu síns flokks. Þá afsalar þingmaður sér launum til varamanns.

Kvennalistinn hefur ætíð farið að lögum og mun að sjálfsögðu gera það áfram.“